

SKIPULAGSFULLTRÚI

UMSÓKN UM FRAMKVÆMDARLEYFI

1. Umsækjandi

| | | |
|---------------------------------------|-----------|-----------|
| Nafn umsækjanda / Eiganda / Lóðarhafa | Kennitala | Málanúmer |
| Heimilisfang | Netfang | |

2. Greiðandi

| | | |
|-----------------|-----------|---------|
| Nafn greiðanda. | Kennitala | Netfang |
|-----------------|-----------|---------|

3. Lóð/jörð

| | | |
|--------------------------------------|------------|---------|
| Götuheiti og nr. / Jörð / Landareign | Landanúmer | |
| Lóðarhafi | Kennitala | Netfang |

4. Lýsing þess sem sótt er um

Hvað felur framkvæmdin í sér og hvert er umfang hennar. Fellur hún að skipulagi?

5. Fylgiskjöl með umsókn

- Uppdrættir / teikningar dagsettar _____.
- Greinargerð dags. _____.
- Bréf umsækjanda / hönnuðar.
- Annað _____.
- Samþykki eiganda / meðeiganda / lóðarhafa.

Við framkvæmdir sem sótt er um verður farið eftir ákvæðum skipulagslaga, skipulagsreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga. Í fullu umboði eigenda:

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Útfyllist af starfsmanni

Móttekið dags.

Starfsmaður

SKIPULAGSFULLTRÚI

Gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar. (7.gr. reglugerðar um framkvæmdarleyfi)

Framkvæmdaleyfi skal vera gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags, ef í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á.

Með umsókn um framkvæmdaleyfi skv. 6. gr. skulu fylgja eftirtalin gögn í tveimur eintökum:

1. Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000 - 1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða, sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, þ.e. sýnir mannvirki sem fyrir eru á svæðinu, hæðarlínur og annað í landslagi sem skiptir máli fyrir útfærslu framkvæmdar. Á afstöðumynd þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, landmótun, veltengingum og öðru sem skilmálar deiliskipulags kveða á um og önnur gögn sem við eiga.
2. Hönnunargögn, eftir því sem við á, sem eru nauðsynleg til að framkvæma eftir. Gögnin skulu vera nægjanlega skýr til að hægt sé að ganga úr skugga um að kröfur um faglegan undirbúning, öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni hlutaðeigandi framkvæmda sé fullnægt. Leggja þarf fram gögn m.a. um brunahönnun, hönnun og útreikninga á grundun, burðarþolsútreikninga, og burðarvirkisupprætti vegna framkvæmda eins og stíflu- og brúargerð, og einnig aðrar upplýsingar sem skipulagsnefnd telur nauðsynlegar. Sé um sérstaka eða vandasama framkvæmd að ræða getur skipulagsfulltrúi krafist þess að löggiltur burðarvirkis- hönnuður fari yfir og samþykki með undirritun sinni útreikninga og burðarvirkisupprætti á kostnað framkvæmdaleyfishafa. Sama á við um gögn og eftirlit fyrir aðrar framkvæmdir sem kalla á sérstaka sérfræðipækkingu.
3. Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum. Í framkvæmdalýsingu þarf að tilgreina framkvæmdatíma, hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdinni og fleira sem skiptir máli.
4. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á.
5. Fyrirliggjandi samþykki og/eða leyfi annarra leyfisveitenda sem framkvæmdin kann að vera háð samkvæmt öðrum lögum, ásamt upplýsingum um önnur leyfi sem framkvæmdaðili er með í umsóknarferli eða hyggt sækja um.
6. Aðrar upplýsingar og gögn sem leyfisveitandi telur þörf á.

Þegar ekki liggur fyrir deiliskipulag og sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags sbr. 1. mgr. eða á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar þarf einnig að fylgja umsókn yfirlitsmynd í mælikvarða 1:10.000-1:2.000 sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis eða úrdráttur úr aðalskipulagi sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Eftir atvikum skulu fylgja umsókn upplýsingar um veitur, aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Liggi ekki fyrir í skipulagi umsagnir umsagnaraðila um framkvæmdina skulu þær fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi. Umsagnaraðilar geta verið opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum, t.d. eftir því sem við á: Orkustofnun, Siglingastofnun, Vegagerðin, Umhverfisstofnun vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum, Skógrækt ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Fiskistofa, slökkvilið og heilbrigðis- eða náttúruverndarnefnd viðkomandi sveitarfélags. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi til efnistöku á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag skal, auk framangreinds eftir því sem við á, fylgja uppráttur og greinargerð (efnistökuáætlun) þar sem gerð er grein fyrir hinu nýja landslagi á vinnslutíma og að efnistöku lokinni. Í gögnunum skal gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði og yfirborðsefnum sem koma í veg fyrir fok á jarðefnum.

NÁNARI

LEIÐBEININGAR UM FRAMKVÆMDARLEYFI

Framkvæmdaleyfi

Embætti skipulagsfulltrúa gefur út framkvæmdaleyfi fyrir meiriháttar framkvæmdum sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingum lands með jarðvegi eða efnistöku innan þéttbýlismarka.

Hverjir geta sótt um framkvæmdaleyfi?

Meginreglan er sú að framkvæmdaraðili sækir sjálfur um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi er gefið út á grundvelli deiliskipulags, en þó í undantekningartilvikum á grundvelli aðalskipulags.

Hvaða framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar?

Framkvæmdir sem geta verið háðar framkvæmdaleyfi, [sbr. 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012](#), eru meðal annars eftirfarandi: Nýir vegir og enduruppbygging vega, stígar, brýr í dreifbýli, þ.m.t. umferðar- og göngubrýr, umferðarbrýr í þéttbýli, flugvellir og flugbrautir, hafnarmannvirki, efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga, stíflur eða breytingar á árfarvegi, þó ekki stíflur vegna virkjana, borun eftir heitu eða köldu vatni, varnargarðar eða fyrirhleðslur vegna ár-, sjó- eða ofanflóða, stofn-, dreifi- og flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta, rafveitna og verulegar breytingar á slíkum mannvirkjum, breytingar lands með jarðvegi svo sem efnislosun, landmótun (t.d. manir), urðunarstaðir, nýræktun skóga, hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg eða skógareyðing, landfyllingar, endurheimt votlendis, framræsing lands, framkvæmdir á skíðasvæðum, tjaldsvæðum, golfvöllum og öðrum svæðum til íþróttaiðkunar.

Framkvæmdir sem teljast óverulegar eru ekki háðar framkvæmdaleyfi en geta þó verið skipulagsskyldar. Með óverulegri framkvæmd er átt við framkvæmd sem hefur óveruleg áhrif á umhverfið og ásýnd þess.

Hvernig er sótt um framkvæmdaleyfi?

- Sótt er um framkvæmdarleyfi með því að fylla út eyðublað þess efnis og senda á skipulagsfulltrúa. Umsækjandi verður að fylla út eyðublaðið og láta fylgja með þau gögn sem beðið er um, að öðrum kosti er umsókn ekki tekin til greina.
- Þegar öll gögn liggja fyrir, er umsóknin tekin fyrir af skipulagsfulltrúa.
- Greiðsla fyrir framkvæmdarleyfi er eftir gjaldskrá hvers hrepps fyrir sig hverju sinni
- Hægt er að kæra synjun framkvæmdaleyfis til [úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála](#).
- Embætti skipulagsfulltrúa sendir öllum umsækjendum skriflegt svar með upplýsingum um hvernig erindið var afgreitt.
- Samhliða því að umsækjandi fær upplýsingar um afgreiðslu erindis er framkvæmdaleyfi samþykkt og gefið út. Að því loknu getur umsækjandi hafið framkvæmdir. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða fyrir samþykkt og útgáfu framkvæmdaleyfis sbr. gjaldskrá hvers hrepps fyrir sig.

Vinsamlegast athugið að framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki hafist innan tólf mánaða frá útgáfu leyfisins. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

Hvaða gögn þurfa að fylgja umsókninni?

Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn má finna í umsókninni. Helstu upplýsingar sem skulu koma fram eru:

- Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Tímaáætlun og kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000-1:500.
- Hönnunargögn, ef við á.
- Samþykki allra landeiganda, ef við á.
- Leyfi annarra leyfisveitanda, ef við á.
- Önnur gögn, ef við á.
- Skipulagsstofa getur krafist frekari gagna ef við á.

Listi hugsanlegra umsagnaraðila.

- Orkustofnun
- Siglingarstofnun
- Skógræktin
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Fiskistofa
- Brunavarnir Austurlands
- Skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefnd
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Veðurstofa Íslands